Gúmmelaði, gaman og æfingar

Nemendur miðstigs skólaárið 2021-2022

Hrafnagilsskóli

Efnisyfirlit

3. Uppáhaldsbókin mín

27. Æfingakennsla, leikir og þjálfun

56. Uppáhaldsuppskriftin mín

Uppáhaldsbókin mín

Aftur til Pompei
Höfundur Kim.M.Kimselius.

Bókin er um stelpu sem heitir Ramóna og húnferðast til í tíma. Í þessari bók ferðast hún til Pompei á Ítalíu. Þar hittir hún strák sem heitir Theo og saman lenda þau í alls konar hættulegum ævintýrum.

Ramóna og Theo er bókaflokkur með sjö bókum og ein gerist á Íslandi.

Þetta er æsispennandi bókaflokkur sem ég mæli með. Ég valdi þessa bók því mér finnst hún mjög skemmtileg.

Katrín Björk.







Syrpa - Grillmeistarinn
Höfundur: Walt Disney

Ég valdi þessa út af því þetta er myndasaga og myndasögur eru uppáhald mitt. Það eru til margar syrpur auk þess á ég margar heima þær eru í skúffu undir rúminu mínu.

Fyndin, skemmtileg og spennandi. Kv Þorsteinn Búi



Lína langsokkur
Höfundur: Astrid Lindgren

Þessi bók er um sænska stelpu sem heitir Lína langsokkur. Fullu nafni heitir hún Sigurlína Rúllugardína Nýlendína Krúsimunda Efraimsdóttir langsokkur. Hún býr ein ásamt apanum Herra Níelsi og hestinum Litla Karli. Hún á tvo mjög góða vini, þau Önnu og Tomma. Saman lenda þau í mörgum spennandi ævintýrum. Það eru til margar sögur um Línu og félaga.

Meðmæli: Fyndin, skemmtileg og ekki of löng. Lína er sniðug, uppátækjasöm og mjög sterk.

Dagmar

HETJA höfundur: Björk Jakobsdóttir

HETJA.

Hetja fæddist í sveit og. Hún á eiganda sem heitir Björg og hún átti akkúrat afmæli svo hún fékk hana í afmælisgjöf og hún skýrði hana Hetju!
Hún er brún meri og þegar hún var 5 mánaða fór hún í flutningabíll. Hún fór í hann án þess að eitthvert vissi og hún vissi ekki hver hún væri að fara en hún fór hinumegin við heimabæinn sinn og þar var maður sem hún kallaði Rúllubagga og hann átti son sem hún kallaði drengjatrippi og hún hoppaði yfir gerðið hjá Rúllubagga og það var næstum stærri enn hún sjálf og Björg var. Búin að leita af henni í 1 mánuð og 3 vikur! En hún komst yfir eitthvað vatn sem nokkrir hestar hæfðu dáið í en hún komst yfir og til Bjargar !
ENDIR takk fyrir mig



IÐUNN JÓNSTÓTTIR🐎🐎🐎

Pabbi prófessor
Höfundur: Gunnar Helgason

Bókin er um stelpu sem er að reyna að bjarga jólunum eða ekki. Hún fór á jólaball og strákur sem heitir Þór bað hana að dansa við sig. En hún varð að fara út af því að strákar í 10 bekk sem heita Mörður og Óttar eru leiðinlegustu strákarnir í heimi. Takk fyrir mig.

Kristín Harpa

Mér finnst hún mjög skemmtileg og fyndinn.



Bókin mín heitir Loforðið Höfundur Hrund Þórðsdóttir.

Bókin mín er um tvær stelpur. Þær voru bestu vinkonur. Ein þeirra var 11 og hin 12 en þessi sem er 11 fékk krabbamen og deyr en stelpan hún átti dagbók og það varð loforð og það stendur margt í henni sem er grumsamlegt?

Bókin er skemmtileg sorgleg fyndin stundum og gáfuð spennandi. Kveðja, Viktoría .



Óvættaför er bók um strák sem heitir Tom og vinkonu hans Elennu.
Þau þurfa saman að bjarga Vantíu og góðvættunum sem þar búa. Þessi bók er eftir Adam Blade.
Kveðja, Kristján.



Dagbók kidda klaufa Róbbi rokkar eftirJeff Kinney



Kiddi klaufi 2 er skemmtileg bók. Í byrjuninni er hann í sundkeppni og bætir tímann í 100 metra sundi. Á einni sundæfingu hjá Kidda fór hann að einhverjum læk af því hann nennti ekki að vera á sundæfingu eins og á öllum öðrum sundæfingum.

Ég mæli með þessari bók af því að hún er mjög fyndin og hellingur af gríni.
Kveðja Jonni

Hellirinn blóð vopn og fussum fei Þórunn Helga

Höfundur Hildur og Arngrímur.

Þessi bók er um stelpur sem eru systur og finna helli. Systurnar eitthvað og það voru úlfar og þær öskruðu og þær vissu ekki hvert þær áttu að fara útaf þær vissu ekki hvaðan þær komu inn.? Þær reyndu að kalla en enginn heyrði í þeim. Þannig að þær bara löbbuðu af stað. Þær löbbuðu lengi lengi og þær komust út en þær vissu ekki hvert þær áttu að fara út af þær voru komnar á hinn endan á hellinum. Kveðja, Þórunn.

Hundurinn Með Hattinn

Höfundur: Guðni Líndal Benediktsson

Adriana

Spori er klárasti hundurinn í hverfinu. Hann er nokkurs konar Sherlock Holmes gæludýranna. Bókin byrjar á því að fylgja eftir Tása, litlum kettlingi sem gjörsamlega dýrkar Spora. Tási er á leiðinni á fund sem Spori hefur kallað til, þar sem hann ætlar að afhjúpa sökudólgana í nýjasta sakamálinu. Tási veit að Spori getur leyst öll sakamál! Spori veit það hins vegar ekki og þegar hann tapar hattinum sínum missir hann móðinn. Spori heldur að gáfurnar búi í hattinum en með hjálp Tása reynir hann að komast til botns í einni flóknustu og snúnustu gátu sem komið hefur upp í hverfinu.

Allir Krakkarnir - Gunnar Kr. Sigurjónsson

Allir krakkarnir er bók með fullt af Allir krakkarnir eða allt fólkið eða allir strákarnir/stelpurnar t.d. Allir krakkarnir drukku vatn í skólanum nema Hlín, hún drakk Vín.

Syrpa-Eftir Walt Disney

Andrés önd. Andrés önd er mjög skemmtileg bók og í syrpu eru mjög skemmtileg mismunandi ævintýri. Kveðja Logi.



Leyndarmál lindu 4-Rachel Renée Russel

Þessi bók er um stelpu sem heitir Linda hún á tvær bestu vinkonur. Hún á annan vin sem heitir Brynjar. Foreldrar hans voru ekki að fá nóg af peningum fyrir að selja dýr.

Brynjar bjó í dýraathvarfinu og þurfti kannski að flytja burt. Linda tekur þátt í skautakeppni með bestu vinkonum sínum samt er hún hræðileg í að skauta.



Meðmæli:skemmtileg fyndin spennandi áhugaverð

Ísey Nanna

Hvolpalíf

Höfundur:Sirrý Skarphéðinsdóttir

Hvolpalíf er sönn saga sem gerðist í Reykjavík.

Bókinn er um líf 6 hvolpa sem fæðast í Grafarvogi og hvernig lífið er hjá þeim og fólkinu sem það býr hjá.

Ég valdi þessa bók því að mér finnst hún skemmtileg, áhugaverð og fræðandi um líf hvolpa.



Ragnheiður Birta Hákonardóttir

Draumaþjófurinn

Hafnarland er með mörg störf og þar eru safnarar sem safna mat, étarar sem éta matinn og bardagarottur sem halda óvinum frá og njósnarar sem njósna . Dóttir foringjans Eyrnastórs er aðalbarn. Gullfalleg rottudís er étari og á besta vin sem er safnari og étarar mega ekki leika við safnara. Mamma hennar hendir vini hennar í sjóinn og út af því fer hún að heiman og út í borgina þar sem hún lendir í fullt af ævintýrum.

Höfundur: Gunnar Helgason. Hún er fyndinn, skemmtileg og mjög spennandi. Aníta Júlíana❤️‍🔥😁💕

LEYNDARMÁL LINDU

Höfundurinn er helgi Jónsson

Leyndarmál Lindu er um stelpu sem er í skóla hún á vinkonur sem heita Stína og Bína. Þetta er bók 4 og það eru 6 bækur um hana. Hún á systur sem heitir Freyja og henni finnst hún mjög pirrandi. Hún er skotinn í Brynjari og það er stelpa sem heitir Hildur Hermundar sem er mjög leiðinleg við Lindu.

Mér finnst hún skemmtileg fyndin og spennandi. Kveðja Freyja

Hetja

Bókin mín er um hest og stelpu. Hestinum er stolið og stelpan er í SJOKKi! Og leitar af honum út um allt . Hún byrjar að hugsa að hesturinn sé dauður. Enn það verður ekki satt. Hetja nær að komast út og lendir í ævintýri (ég er ekki alveg búinn að klára bókina)

Ég valdi þessa bók því hún er rosa skemmtileg, ég elska hesta og það eru mikil ævintýri í henni og ég elska að lesa þannig.



Eftir Björk Jakobsdóttir

Akvelina Darta

Aukaspyrna á Akureyri

Þessi bók er um strák sem heitir Jón Jónsson og er fótboltastrákur í Þrótti sem er í Reykjavík. Þeir eru að fara á mót sem heitir N1 mótið. Jón er skotinn í stelpu sem heitir Rósa.



Ég valdi þessa bók af því að hún er skemmtileg og fyndin

Höfundur: Gunnar Helgason

Hólmfríður Lilja

Höfundur Zanna Davidson
Myndskreyting Melanie Williamson

Stjáni finnst ekki gaman í skólasundi vatnið er kalt blautt og hræðilegt þegar stjáni heldur að vont geti ekki versnað þá birtast stríðnispúkarnir í lauginn.
Daði Snær

Höfundur : Walt Disney - Syrpa álagamiðin

Bókin er um önd sem heitir Andrés önd og Andrésínu. Andrésína á að vera ein í kastala í 3 daga en Andrés kemur og verður með henni. Hann reynir svo að fara en kemur svo og verður með henni. Svo rífast þau og álagamiðin rifnar og það kemur skrímsli sem rifnar verður af dufti.

Elvar Logi Sverrisson



Mér finnst þessi bók skemmtileg af því að hún er spennandi.

Skúli skelfir er eftir Francesca Simon teikningar eftir Tony Ross. Bókin er gerð á skólavellinum á íþróttadaginn. Þegar þau Skúli og Fríða Fíluskjóða þurfa að vina saman á😀 íþróttaleikunum sem mun fara út í Hróa hött því þau vilja bæði vinna leikana en EKKI saman.

Hún er skemmtileg að því að hún er er skemmtileg👍❤️❤️
Ísak og Björgvin😀😀



😀😀😀😀😀😀😀



Bókin er eftir Piotr Socha Wojciech Grajkowshi. Bòk um tré. Þessi undurfagra bók hefur farið sigurför um heiminn á örskömmum tíma.

Viktor

Dagbók kidda klaufa

Dagbók Kidda klaufa er skemmtileg og fyndin bók eftir Jeff Kinney. Þessi bók er um besta ballið.

Ýmislegt óvænt kemur fyrir Kidda á þessum síðustu dögum fyrir ball ársins og meira að segja kemur upp sá möguleiki að stelpa fari með honum. En það sannast að það er aldrei gott að fagna of snemma!

Ég heiti Róbert Orri Finnsson og ég mæli með þessari bók því að hún er fyndin og skemmtileg og mér finnst hún henta manni líka þegar maður er búin að eiga erfiðan dag.

Róbert Orri Finnsson

Verstu kennarar í heimi.
Höfundur: David Walliams



Ef þú kannast við verstu börn í heimi skaltu búa þig undir eitthvað miklu, miklu verra, verstu kennarar í heimi. Þú getur lesið um ógnarhjól fröken Ógnar, hjónin Turtil og Dúfa og tárahafið og miklu meira.

Meðmæli: fyndin, skemmtileg og skrítinn. Ég mæli með henni.-Rakel

---

Mamma klikk
Höfundur: Gunnar Helgason

Bókin er um stelpu sem heitir Stella hún er með áætlun um að breyta klikkuðu mömmu sinni. Í bókinni eru mörg skemmtileg atriði um stellu og fjölskyldu hennar.

Bókin er fyndin og skemmtileg.
Mamma klikk er skrýtin en fyndin.
Ég mæli með henni!-Kolfinna

SIGGI SÍTRÓNA

Höfundur Gunnar Helgason.

Siggi sítróna er strákur sem er mjög viðkvæmur og er að vera stóri bróðir. Stóri bróðir Sigga er að segja að hann verður bara súr eins og sítróna þegar hann verður stóri bróðir og hann verður ekki litla músin hennar mömmu.

Mér finnst þessi bók góð því að bókin er fyndin.

Kveðja Bjarni

Hundurinn með hattinn
Höfundur: Guðni Líndal Benediktsson

Spori er klárasti hundurinn í hverfinu hann er einhvers konar Sherlock Holmes hundur.
Spori fer oft á fundi með öllum hinum dýrunum í hverfinu. En einn daginn týnist hatturinn hans og hann heldur að hann geti ekkert gert án hattsins. En síðan kemur Mjási til bjargar. Mjási er köttur og hann er mesti aðdáandi Spora .

Mér finnst hún skemmtileg útaf því að hún er mjög spennandi.
Ylva

Bli med når Tiril, Oliver og Åtto skal finne sjørøverskatten! Operasjon Sjørøver er historien om unge detektiver på skattejakt. Under et detektivoppdrag på stranden, finner Tiril og Oliver tilfeldigvis en underlig, gammel tallerken begravd langt un

Bókin er spennandi.
Birgir

Þín eigin RÁÐGÁTA er 27. bókin eftir Ævar Þór Benediktsson. Hún er nýjasta bókin í seríunni Þín eigin ráðgáta. Hún er um tvo krakka, Óliver og þig. Þú átt að reyna að leysa ráðgátu. Ég mæli með bókinni.

Óskar

Fyndin, skrítin og mikil ráðgata.

Dóttir hafsins



Dóttir hafsins er spennandi ævintýrasaga eftir Krístínu Björgu Sigurvinsdóttur.

Sagan gerist í hafinu þar sem Elísa Ebba reynir að læra á jafnvægi hafsins. Þar mætir hún mörgum hindrunum eins og að sjá bróður sinn og tilfinningar hennar brjóta varnarvegginn sem hún var mörg ár að byggja. Í hafinu heitir hún Lelena og í hafinu hittir marmann sem lítur út eins og hann sé ungur enn í raun er hann búinn að vera 182 ár í hafinu. Bókin inniheldur mjög mikið af sögu án þess að vera neitt lík alvöru lífi.

Mér fannst hún æðisleg og ég mæli með henni, 4,5 stjörnur. Halldór Ingi

---

Lúkas - 1. Flautað til leiks
Höfundur: Bruno Dequier



Lúkas er sérhlífinn og klunnalegur unglingur. Hann vill ólmur taka sig á en það er hægara sagt en gert.

Vinkonan mín mælti með bókinni.
Ragnheiður Birta

Percy Jackson & grísku guðirnir
Eldingarþjófurinn
Rick Riordan

Þessi saga er um strák sem heitir Percy Jackson. Hann lendir í vandræðum í skólanum og er rekinn úr sjötta skólanum hans á sex árum. Allt í kringum hann byrja að gerast skrítnir hlutir og hann er sakaður um þjófnað á mikilvægum hlut. Percy eignast nýja vini sem þurfa að hjálpa honum að sanna að hann sé saklaus. Sagan er byggð á grískri goðafræði og er mjög spennandi.

Meðmæli: Hún er fyndin, spennandi og áhugaverð. Í henni eru ráðgátur, ævintýri og hún er mjög skemmtileg - Sunna.

Eragon
Höfundur: Christopher Paolini

Eragon finnur gljáfagran bláan stein í skóginum og ályktar að hann gæti kannski keypt vetrarforða af kjöti fyrir hann. En þegar steinninn fagri reynist vera drekaegg og þegar drekinn klekkst út verður ljóst að sveitapilturinn ungi hefur rekist á forna arfleifð drekariddarana, næstum jafngamla sjálfu Veldinu. Á einni nóttu gjörbreytist líf piltsins og hann dregst inn í ógnvekjandi nýjan heim stórbrotinna örlaga, töfra og valdabaráttu. Ég mæli með henni

Haukur Skúli Óttarsson

Skemmtileg, hræðileg og spennandi

Dagbók Kidda klaufa - Furðulegt ferðalag

Þegar fjölskyldan hans Kidda fer í ferðalag er venjulega hugmyndin að allir skemmti sér. Nema auðvitað það sé fjölskyldan hans Kidda klaufa. Ferðalagið byrjar mjög vel en svo sígur á ógæfuhliðina



Mér finnst bókin skemmtileg því að Kiddi er svo mikill klaufi.

Höfundur er Jeff Kinney

Sölvi

Kepler 62

Aksels

Offjölgun mannkyns hefur orðið til þess að næstum allar auðlindir jarðar eru á þrotum. Mannfólkið berst í bökkum við að lifa af. Hinn 13 ára gamli Ari lítur eftir Jonna, litla bróður sínum sem er smitaður af undarlegum vírus. Strákunum hefur tekist að verða sér út um nýja tölvuleikinn, Kepler 62, sem sagt er að sé nánast ómögulegt sé að klára. Saman tekst bræðrunum hið ómögulega og komast að því að Kepler 62 er meira en bara leikur.

Höfundar bókarinnar eru Bjorn Sortland og Timo Parvela.

Höfundur er Bruno Dequier. Bókin heitir Flautað til leiks og þetta er fyrsta bókin.

Lúkas var í skólanum og heyrði skrítið hljóð þegar hann var á klósettinu. „Svona fyrirbæri eru ekki til!" sagði hann. Ég hlýt að vakna bráðum. Lúkas er latur en vill taka sig á. Hann fær hjálp að handan og þarf að ákveða hvort hann vill breyta sér.



Mér finnst þessi bók skemmtileg vegna þess að hún er um fótbolta.

Teitur Nolsöe Baldursson

Dagbók Kidda klaufa
Höfundur: Jeff Kinney



Hér kynnumst við þessum lífsglaða dreng sem er til í allt þó flest mistakist. Bókin er sett upp eins og dagbók, línustrikuð og með fyndnum teikningum á hverri síðu.
Þetta er skemmtileg bók fyrir alla sem nenna ekki að lesa – og líka fyrir hina!

Tumi

Kennarinn sem hvarf. Þórarinn karl

Höfundur: Bergrún Íris Sævarsdóttir.



Kennarinn sem hvarf er um nokkra krakka í 6 bekk að reyna að bjarga kennaranum sínum sem heitir Bára. Aðalpersónan er Hekla þöll sem er einu ári yngri enn allir í bekknum hennar. Síðan hverfur Bára sporlaust og krakkarnir þurfa að leysa vísbendingar til þess að fá Báru aftur.
Ég mæli með henni því hún er spennandi, skemmtileg og fyndinn.

EDDI GLÆSIBRÓK OG HRYLLINGS LEIKFÖNGIN
Höfundur: Matt Lucas

UM EDDA
Eddi er enginn venjulegur strákur hann er kóngur sem situr í hásæti. Hann á sína engin brynju og kastala með fullt af leynigögnum og allt. Um söguna: Eitthvað var skrítið Noobi keisari var góður.

Mér finnst þessi bók góð vegna þess að hún fjallar um strák sem lendir í ævintýrum. Einar Breki.



Nordlys

Emma

Nordlys er norsk bók og það eru til 5 mismunandi bækur.
Bækurnar fjallar um stelpu að nafni Sonja sem fer inn í fantasíuheim. Í heiminum eru tröll, talandi dýr og víkingar. Besti vinur hennar er strákur sem heitir Espen. Espen sér um hana og björn sem hjálpar henni að læra um heiminn. Heimurinn heitir Jotundalen. Þau fara að rífast við víkinga. Víkingarnir eiga stelpu sem hefur krafta og þeir láta hana nota kraftana sína. Stúlkan gafst upp og varð vinkona Espens og Sonju.

Jeg synes denne boka er spennende fordi at det er egentlig som en tegneserie og jeg liker bøker som handler om fantasi og troll.

Heiðbjört Jónsdóttir

Skvísur

Höfundur

Delaf og Dubuc

Bókin skvísur er um stelpur sem heita Begga og Signý sem eru að nota aðra stelpu sem heitir Agnes. Það byrjar á Valentínusardag og Agnes fær ástarkort frá Danna. Lestu bókina sjálf til að vita hvað gerist næst.



Mér fannst hún mjög fyndin og skemmtileg.

Dagbók Kiddi klaufi 5. Alexander

Kiddi klaufi númer 5 er rosalega skemmtileg bók og er með frábæran húmor bæði í texta og myndum. Í þessari bók er hann eiginlega að segja hvað hann gerir í lífi sínu. Hann gerir það í öllum bókunum sínum. Kiddi lendir í skemmtilegum ævintýrum eins og að fara í útilegu og margt fleira og hann segir líka hvað gerist í skólanum.

Mér finnst þessi bók skemmtileg vegna þess að hún er fyndin.



Höfundur Jeff Kinney og Helgi Jónsson þýddi.

Parry Potter og viskusteinninn
Höfundur: J. K. Rowling



Harry Potter er ellefu ára og á afmælisdaginn hans birtist risavaxinn maður með augu eins og litlar svartar bjöllur á heimili þeirra. Hann heitir Rubeus Hagrid og hann segir að Harry sé galdramaður og að hann hafi fengið inngöngu í Hogwart — skóla galdra og seiða. Harry lendir í mörgum ævintýrum í Hogwart.

Mér finnst þessi bók skemmtileg vegna þess að það eru töfrar og flott dýr í henni. Anna Sigrún.

Palli PlayStation.

Höfundur Gunnar Helgason.

Palli playstation er 5. bókin sem Gunnar Helgason gerir og síðasta í bókin í bókaflokk um Stellu og fjölskyldu hennar.

😎😋😉

Ég hef alltaf haft áhuga á því að lesa bækurnar hans og hef beðið lengi eftir að það komi nýjar bækur. Ég er mjög vonsvikinn að hann sé hættur að skrifa um Stellu.

Mér finnst bækurnar hans skemmtilegrar, fyndnar, skrítnar og ég elska bækurnar.

Katrín Eva Arnþórsdóttir.

Harry Potter

Harry Potter er bókasería sem inniheldur sjö bækur, eftir höfundinn J.K. Rowling. Bækurnar eru um ungan, munaðarlausan dreng, sem elst upp hjá versta frændfólki í heimi, Dursley-fjölskyldunni og ævintýri hans í galdraheiminum, ásamt Ronald Weasley/Ron, Hermione Granger og fleirum. Á ellefta afmælinu hans fær hann bréf frá Hogwarts, skóla galdra og seiða, þar sem útskýrt er fyrir honum að hann sé galdramaður og megi þess vegna fara í Hogwartsskóla. Bækurnar snúast aðallega um líf Harrys og hvernig hann tengist Voldemort, sem er sterkur galdramaður og stjórnaði einu sinni galdraheiminum og var að reyna að losna við „muggana“ (fólk sem er galdra snautt/getur ekki galdrað) og galdramenn af muggaættum. Búnar hafa verið til myndir, tölvuleikir og ýmislegt fleira.

Allar sjö bækurnar hafa verið kvikmyndaðar.

Harry Potter og viskusteinninn

Harry Potter og leyniklefinn

Harry Potter og fanginn frá Azkaban

Harry Potter og eldbikarinn

Harry Potter og Fönixreglan

Harry Potter og blendingsprinsinn

Harry Potter og dauðadjásnin

Hér getur þú afritað textann fyrir fleiri upplýsingar
https://is.wikipedia.org/wiki/Harry_Potter

Mér finnst þær sorglegar á sumum köflum, fyndnar á öðrum, spennandi á enn öðrum köflum og mér finnst þær mjög skemmtilegar.
Ég mæli með þeim.
Emelía Lind Brynjarsdóttir

Æfingakennsla, leikir og þjálfun.

Aníta Heiðbjört og Emelía.

Leikur: Yfir

Leikur: Yfir

Fjöldi mögulegra þátttakenda: Eins margir og maður vill.

Áhöld: Gámur, skúr eða lítið hús og bolti.

Völlur: Í kringum gámin, skúrinn eða litla húsið.

Aldur: 8-90

Markmið: Að hitta alla í hinu liðinu.

Lýsing: Keppendum er skipt í tvö lið og annað liðið byrjar með boltann, þeir eiga að kasta boltanum yfir bygginguna/gáminn og kalla “yfir”. Svo eiga þeir sem eru hinum megin við bygginguna/gáminn að reyna að grípa boltann. Ef þeir ná því þá eiga þeir að segja gripið og byrja að hlaupa í kringum bygginguna/gáminn og reyna að hitta einhvern með boltanum. Ef þeir ná því þá er sá sem þeir hittu með þeim í liði. Enn ef að þeir grípa boltann ekki kasta þeir honum yfir bygginguna/gáminn og segja yfir svo gengur þessi leikur áfram og áfram þangað til að það er engin eftir í einu liði.

Sunna, Birta og Amý

Leikur: Eina króna



Þátttakendur: 5-20.

Áhöld: Stöng, til dæmis ljósastaur, þvottastöng, o.s.frv.

Leikvöllur: Hjá víkingaskipinu eða þar sem eru felustaðir, það má minnka völlinn og hafa hann þannig að það sé ekki farið langt frá stönginni.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Það er einn sem er hann og restin af hópnum felur sig. Sá sem er hann fer að stönginni og telur upp að 30. Þegar hann er búinn að telja þá byrjar hann að leita, hann þarf að fara einhvern tímann frá stönginni. Þegar hann sér einhvern fer hann að stönginni og segir “eina króna fyrir”, nafnið á þeim sem hann fann og “123” og síðan þarf hann að segja staðinn sem viðkomandi var á. Þeir sem eru að fela sig mega líka fara að stönginni og segja “eina króna fyrir mér 123” og þá er viðkomandi frjáls ef hann nær að segja þetta á undan þeim sem er hann. Leikurinn er búin þegar það er búið að finna alla.

Frans, Marinó og Elvar

Leikur: Stórfiskaleikur

Stórfiskaleikur: Er leikur sem virkar þannig að það er einn sem “er hann”. Hann byrjar á miðjunni á vellinum og hinir sem eru hann ekki eiga að reyna að komast alla leiðina yfir völlinn án þess að viðkomandi nái þeim. Ef sá sem er í miðjunni nær einhverjum þá á hann eða þeir að aðstoða þann sem byrjaði að “vera hann”. Maður þarf ekki að vera með eitthvað ákveðið eins og bolta eða eitthvað annað. Völlurinn getur verið í allskonar stærðum.

Þátttakendur þurfa að minnsta kosti að vera 5 eða fleiri. Þátttakendur geta verið á öllum aldri.

Frans, Marinó og Elvar

Æfing: Burbees - bjössar

Bjössar er æfing sem virkar þannig að þú gerir eina armbeygju, hoppar síðan upp og hoppar á staðnum. Hér er hægt að sjá Elvar gera bjössa —burbees.

Ylva, Katrín Eva og Anna Sigrún

Leikur: Feluleikur

Lýsing

Í feluleik þurfa að vera fleiri en tveir og það mega vera eins margir og menn vilja. Það er sama hvaða aldur er í feluleik, það mega vera stórir og smáir. Maður getur verið í feluleik úti, inni, og bara þar sem er hægt að fela sig. Maður þarf ekki að fara neitt dóterí með í feluleik. Það má ekki færa sig um felustað á meðan sá sem er að leita er að leita.

Leikreglur

Það er einn sem er hann og hann á að telja upp á eitthvað, t.d. 30 og allir hinir eiga að fela sig á meðan. Þegar hann er búinn að telja þá á hann að byrja að leita af öllum sem voru að fela sig. Sá sem hann finnur fyrst verður hann í næsta leik og svo koll eftir koll eins oft og maður vill.



Róbert og Akvelina

Æfing: Kasta í körfuna með körfubolta

Æfingin virkar þannig að maður kastar með annarri hendinni og notar hina til að styðja við boltann með því að halda hendinni kyrri öðrum megin. Maður á helst að kasta að körfunni með boltann fyrir ofan höfuð og síðan kastar maður í körfuna. Ef maður er rétthentur eða rétthent kastar maður með hægri hendinni og styður með vinstri. Ef maður er örvhentur eða örvhent kastar maður með vinstri hendinni og notar hægri til að styðja.

Hér kemur dæmi um það hvernig maður kastar:

,

Akvelína og Róbert

Leikur: Eltingarfeluleikur

Reglur

Í eltingarfeluleik er einn hann. Hann byrjar að telja upp í fjörtíu og á meðan eiga hinir að fela sig. Þegar hann er búin að telja á hann að reyna að finna hina og ná þeim. Þegar hann er búinn að ná einum þá dettur sá úr leiknum. Þetta er gert þangað til að búið er að ná öllum. Þegar búið er að ná öllum vinnur hann sem er hann. Ef hinir ná að hlaupa og fela sig í tíu mínútur vinna þeir

Hér erum við með stutt dæmi um það:

Ylva, Katrín Eva og Anna Sigrún

Leikur: Köttur og mús

Lýsing: Köttur og mús er þannig að allir standa í hring og það er einn köttur og ein mús. Þátttakendur þurfa að vera 5 eða fleiri. Þegar kötturinn er búinn að ná músinni þá er valinn annar köttur og önnur mús og leikurinn byrjar upp á nýtt.

Leikreglur: Köttur og mús er þannig að allir standa í hring og leiðast. Það er ein mús og einn köttur. Kötturinn byrjar fyrir utan hringinn enn músin inn í hringnum. Kötturinn á að reyna að ná músinni en hinir sem leiðast verða að lyfta höndunum upp til að músin og kötturinn komist út og inn.

Þetta er mjög skemmtilegur leikur.

Viktor, Ísak og Þórunn

Æfing: Armbeygjur

Aðferð: Þú byrjar í handlegu og hendurnar hjá þér eiga að vera rúmlega axlarbreidd og þú sígur niður og aftur upp.

Heiðmar, Ísey og Logi

Körfuskot

Körfuskot er þegar maður kastar bolta í körfu en þá á maður að halda á bolta með annarri hendi og styðja við boltann með hinni hendinni. Olnboginn á að snúa fram á við. Síðan skýtur maður í átt að körfunni.

Leikur: Körfuboltalúdó

Lið: 2+

Áhöld: Körfubolti, grjónapúðar, húllahringir, körfuboltakarfa.

Völlur: Körfuboltavöllur.

Lýsing: Þátttakendum er skipt í tvö eða fleiri lið og þá á maður að kasta bolta í körfuna og ef maður skorar þá á maður að fara og færa grjónapúðann í næsta hring við hliðina á.

Viktoría, Haukur og Kristján

Æfing: Splitt

Maður rennir fótunum fram og aftur þangað til maður kemst ekki lengra.

Björgvin, Daði og Freyja

Handahlaup

1. Þú byrjar standandi og með hendurnar upp.

2. Síðan á að stíga fram og beygja fæturnar vel og kasta sér fram.

Viktoría, Haukur Skúli og Kristján

Leikur: Eltingaleikur

Eltingaleikur virkar þannig að það eru nokkrir í leiknum. Einn “er hann” og hinir fara og reyna að flýja. Ef sá sem er hann nær einhverjum þá er hann “hann”.

Björgvin, Daði og Freyja.

Leikur: Eplin hans Palla

Lýsing: Þú þarft mörk, stórar dýnur, bönd og grjónapoka. Einn er á bak við dýnurnar sem er sett við mörkin. Sá sem er í markinu telur upp í 10. Það eru raðir með fólki sem eiga að hlaupa og ná í hlutina sem liggja uppi á dýnunum. Ef sá sem er að telja er búinn að telja upp í 10 og einhver er að hlaupa og hann sér hann hlaupa þarf hann að skila bandinu/grjóna pokanum. Til að vinna þarf liðið að hafa flesta grjónapoka og bönd. Þátttakendur þurfa að vera þrír eða fleiri í hvoru liði og geta verið á öllum aldri.

Óskar, Tumi og Einar Breki

Leikur: Körfubolta stórfiskur

Þátttakendur: Ótakmarkaður fjöldi /einn bekkur eða bekkjardeild

Áhöld: Nokkrir boltar

Leiksvæði: Íþróttahús

Leikreglur: Allir dripla körfubolta og reyna að komast yfir völlinn. Síðan eiga 1-2 að ná boltanum af hinum. Ef maður missir boltann hjálpar maður hinum sem voru ekki með bolta. Boltinn er settur til hliðar.

Benjamín, Iðunn og Adriana

Skot á mark

- **Skot með ristinni á mark.**
- **Utan fótar**
- **Innan fótar**
- **Dúndra**

Skot á mark getur verið í nokkrum íþróttum. Það getur verið t.d. í fótbolta, handbolta og körfubolta. Það er ekki gott að vera alveg upp við markið þegar maður skýtur en ekki heldur of langt frá. Það er hægt að skjóta á vítapunkt, þá er búið að merkja hvar maður skýtur eða á miðjupunktinum og þá er lengra á milli.

Ef maður tekur tilhlaup til að skjóta þá verður skotið fastar og erfiðara að verja það.

[redacted]

Adriana, Iðunn og Benjamín

Leikur: Miðju mús

Lýsing: Helst 3 til 5 manns. Ef það eru 3 þá er einn í miðjunni og tveir á sitthvorum helming. Þeir eiga að kasta á milli bolta og passa að miðju músin nái honum ekki. Ef miðju músin nær boltanum fer sá sem kastaði í miðjuna og sá sem var í miðjunni fer þar sem sá aðili var. Ef það eru fleiri þá verða fleiri í miðjunni. Leikurinn er fyrir allan aldur.

Kristín, Alexander og Halldór

Leikur: Hlaup í skarðið

Völlur: Stórt svæði

Reglur: Allir keppendur mynda hring og haldast í hendur snúa með bakið út úr hringnum.
Það er einn sem er hann. Hann hleypur fyrir utan hringinn eftir hringnum og rassskellir svo einhvern sem snýr baki í hann. Sá sem hann rassskellir fer þá líka að hlaupa en í öfuga átt við þann sem er hann. Sá sem er á undan í skarðið snýr bakinu inn í hringinn og sá sem er eftir þarf að halda áfram og finna einhvern til að rassskella.

Katrín, Sölvi og Birgir.

Kviðæfing - hefðbundnar kviðæfingar.

Lýsing: Þú byrjar á því að leggjast á bakið og setur fæturna í 90 gráður. Svo setur þú fingurna á bak við höfuðið eða upp við eyrun. Næst lyftir þú höfðinu og öxlunum upp að hnjám. Síðan ferð þú aftur niður og þá er æfingunni lokið.

Önnur góð kviðæfing er að liggja á bakinu og setja fæturna upp í loft og teygja fingur í tær.



Nöfn: Kristín, Halldór og Alexander

Æfing: Arabastökk

Leiðbeiningar: Maður þarf smá tillhlaup og svo tekur maður forhopp. Setur hendurnar í jörðina eða gólfið, sparkar fótunum og lendir saman með fæturna.

Viktor, Ísak og Þórunn

Leikur: Skotbolti

Skotbolti virkar þannig að það eru 1 eða 2 skotboltar. Það fer eftir því hvað þátttakendur eru margir. Þeir sem eru með boltana eiga að reyna að hitta hina og hinir eiga að reyna að flýja. Ef einhver hittir í hausinn á manni þá er maður ekki úr og ef þú grípur er maður heldur ekki úr. En ef einhver skítur þig þá ertu úr.

Svarti Pétur

Áhöld: Engin

Völlur: Íþróttahúsið

Þátttakendur: Eins margir og maður vill

Lýsing: Þessi leikur virkar þannig að maður á að hlaupa frá einum enda yfir á hinn og sá sem “er hann” á að reyna að ná hinum áður enn hann fer yfir rauðu línuna hinum megin. Það er bannað að bakka.

Rakel, Emma, Teitur og Þorsteinn

Hófí, Þórarinn og Bjarni.

Æfing: Handstaða
Áhöld: Engin

Handstaða virkar þannig að maður á að láta eins og maður sé að detta áfram eða eins og maður sé að fara að taka asnaspark. Maður fer bara aðeins lengra en asnaspark og síðan reynir maður að vera eins beinn og stöðugur og maður getur. Ef maður er orðinn mjög góður þá getur maður farið að labba á höndum.

Kollhnís

Lýsing: Maður sest á hækjum sér, hallar sér svo fram og setur hendurnar á gólfið. Spyrnir fótunum í gólfið og veltir sér svo í hring.

Kolfinna, Ragnheiður Birta og Aksels

Hófí, Þórarinn og Bjarni

Fram fram fylking

Lýsing: Leikurinn Fram fram fylking virkar þannig að það eru tveir sem eru hann og það er eitthvað þema. Þeir sem eru hann eiga að velja eitthvað úr þessu þema og síðan syngja þeir ákveðið lag. Þeir haldast í hendur og búa til hús úr höndunum. Á meðan ganga hinir í kringum þá og undir húsið og svo þegar lagið er búið setja þeir hendurnar niður eins og sjá má í kynningarvídeóinu hérna: Sá sem þeir ná þegar lagið endar þarf svo að velja á milli þess sem var ákveðið út frá þemanu og stendur svo fyrir aftan þann aðila sem átti það val.

Lagið:

Fram, fram fylking,

forðum okkur hættu frá

því ræningjar oss vilja ráðast á.

Sýnum nú dug,

djörfung og hug.

Vaki, vaki vaskir menn

því voða er að höndum,

sá er okkar síðast fer

mun sveiflaður vera böndum.

(Höfundur óþekktur/Danskt lag)

Veiðimaður

Þátttakendur: Það getur verið 10 til 30 krakkar

Áhöld: Þú þarft einn bolta

Völlur: Ferkantaður völlur sem er afmarkaður með keilum

Lýsing: Það eru 2 sem eru hann og þeir kasta einum bolta á milli sín og reyna svo að skjóta hina. Þeir mega ekki taka skref. Ef maður er skotinn úr þá sest maður fyrir utan völlinn. Til að komast aftur inn á völlinn þá þarf einhver að skjóta boltanum til manns.

Ragnheiður Birta, Kolfinna og Aksels

Sölvi, Katrín og Birgir.

Leikur: Köngulóarskotbolti

Fjöldi: Lágmark 9 leikmenn

Áhöld: Boltar

Völlur: Hálfur handboltavöllur

Lýsing: Það þarf tvo bolta og maður er að reyna að skjóta manninn sem er næst manni. Ef maður verður skotin/n breytist maður í könguló. Ef köngulóin snertir þig þá sest þú niður og verður könguló. Ef þú færð boltann og þú ert könguló fyrir þá mátt þú standa upp og skjóta einhvern.

Uppáhaldsuppskriftin mín

Múffur **IÐUNN Jóns**

- 2/3Bollar af kakó
- 13/4 bollar af hveiti
- 11/4 bolli púðursykur
- 1tsk matarsódi
- 3/2 tsk salt
- ⅔ tsk instand kaffi
- 2 stór egg
- 11/2 bolli grófthakkað súkkulaði
- 2 tsk hvítvíns edik
- 2 tsk vanilludropar
- 1/2 bolli smjör brætt

Nóa lakkrístoppar
Daði Snær

3 eggjahvítur
200 gr. púðursykur
150 gr. rjómasúkkulaði
2 litlir pokar
súkkulaðihúðað lakkrískurl

Marengsin hans /(_________)\ Þórðar

Púðusykursmarengs með rice krispies og ljúfri karmellusósu

Marengsbotnar

4 eggjahvítur

2 dl púðusykur

1 dl sykur

50 g rice krispies

Ljúf karmellusósa

50 g smjör

1 dl rjómi

1 poki (250 g) rjómakarmellur, ég notaði frá Freyju

1 peli rjómi

ber/ávextir til skreytinga

